

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Á árinu 1987 er heimilt að undanþiggja þá námsmenn, sem verið hafa í námi er veitti þeim rétt til láns úr Lánasjóði ísl. námsmanna, skilyrðum um greiðslu iðgjalds til lífeyrissjóðs í 20 mánuði samtals á undanförnum 24 mánuðum. Sama á við um þá námsmenn sem lögðu inn lánsúmsókn á tímabilinu september til desember 1986.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Alexander Stefánsson.*

**LÖG**

**um breytingu á lögum nr. 47/1970, um Útflutningslánasjóð.**

**FORSETI ÍSLANDS**

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Heimilt er að stofna samkvæmt lögum þessum sjóð er nefnist Útflutningslánasjóður. Í heiti sínu er sjóðnum rétt og skylt að hafa orðin „ríkisaðild með takmarkaðri ábyrgð“ eða skammstöfunina RTÁ.

2. gr.

2. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Stofnendur sjóðsins eru Sedlabanki Íslands, Landsbanki Íslands og Iðnlánasjóður. Þeir leggja honum til fé, sbr. 3. gr., fara með stjórn hans og fjármál og ábyrgjast fjárskuldbindingar hans með framlagi sínu.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Stofnendur sjóðsins bera ótakmarkaða ábyrgð á þeim skuldbindingum sjóðsins sem stofnað hefur verið til fyrir 1. janúar 1986. Helst hin ótakmarkaða ábyrgð þar til þessum skuldbindingum er lokið.

*Gjört í Reykjavík, 27. mars 1987.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

---

*Matthías Bjarnason.*